

## Fundur í Reykjahlíðarskóla um samstarf heimila og skóla

Til fundarins var boðað í dagskrá skólans fyrir febrúarmánuð og tölvupóstur sendur til foreldra 10. febrúar til að minna á fundinn.

Sólveig skólastjóri setti fund, bauð fólk velkomið og fól Elínu Magnúsdóttur frá Tröppu að stjórna fundi.

Elín fór yfir tilgang fundarins sem væri m.a. að styðja við samstarf skóla og foreldra í stefnumótun hvað varðar samstarf heimila og skóla sem og skóla og nærumhverfis. Í ytra mati á skólanum sem fram fór árið 2019 kom fram að tryggja þyrfti að allir aðilar skólasamfélagsins eigi aðild að stefnumótun skólans og væri þessi fundur liður í því að koma saman til skrafs og ráðagerða. Tiltekin voru nokkur efnisatriði úr umbótaáætlun skólans sem eru í skoðun s.s. endurbætur á vinnulagi vegna fyrirlagna á spurningakönnunum og verkferli ef ágreiningsmál koma upp. Foreldrar voru hvattir til að koma með tillögur en annars væru þessi atriði til skoðunar og yrðu tillögur að úrbótum ræddar í skólaráði. Spurningakannanir eru nú rafrænar og fram kom ánægja með það.

Rætt var um að móta betur áætlun að skipulagi á samstarfi heimila og skóla sem og nærumhverfis og skóla. Farið var yfir hvað lög og reglur segja til um samstarf heimilis og skóla, áherslur í skólastefnu Skútustaðahrepps og hvernig samstarf heimilis og skóla birtist í skólanámskrá og starfsáætlun Reykjahlíðarskóla. Fram kom að stefnumörkun um tengsl skóla og foreldra sem og tengsl skóla og nærsamfélags sé að finna í lögum og aðalnámskrá og að þessi áhersla sé skýr í skólastefnu Skútustaðahrepps. Áætlun um samstarf Reykjahlíðarskóla og foreldra kemur fram með ýmsum hætti í skólanámskrá og starfsáætlun. Þar er mikil áhersla lögð á upplýsingagjöf en margvísleg atriði koma fram svo sem:

- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla
- Námskynningar á haustin
- Móttökuáætlun vegna nýrra nemenda
- Jákvæður agi, áherslur á jákvæð samskipti
- Foreldrafundir eða bekkjarfundir um ýmis málefni t.d. skólaferðalag, valgreinar ...
- Foreldraviðtöl tvisvar á ári, upplýsingar um gengi nemenda í námi og starfi
- Mentor upplýsingakerfið, tölvupóstar og símtöl
- Heimasíða skólans
- Heimanám nemenda
- Dagskrá mánaðarins um helstu væntanlegu viðburði í skólastarfinu og matseðil mánaðarins
- Áætlanir í bekkjum, skóladagbækur (sem eru liðir í að upplýsa foreldra um skólastarf í námshópum/bekkjum)
- Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann
- Sérstakar hvatningar til foreldra um að sækja atburði í skólanum s.s. að fylgjast með jólaþema
- Þátttaka foreldra í fjáröflunum fyrir skólaferðalög
- Þátttaka foreldra í nefndum skólans: Heilsueflandi skóli, nefnd um útikennslusvæði
- Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi – svara spurningalistum, skólaráð, fundir
- Þátttaka foreldra í þorablóti skólans og undirbúningi þess

- Skólaráð
- Foreldrafélag – stjórn – bekkjarfulltrúar – allir foreldrar eru í foreldrafélaginu.

Jafnframt var farið yfir nokkra þætti sem flokka má sem samstarf nærumhverfis og skóla:

- Íþróttaskóli sem er samstarf skólans og Mývetnings – íþrótt- og ungmennafélags
- Samstarf leikskólans Yls og Reykjahlíðarskóla
- Samstarf við framhaldsskóla
- Tónlistarskólinn – nemendur fara í tónlistarnám á skólatíma
- Samstarf við íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps og sundlaugina að Laugum
- Starfskynningar fyrir unglíngana í fyrirtækjum í Mývatnssveit á vorin
- Samstarf við grunnskóla í Þingeyjarsveit – heimsóknir unglíngna milli skóla
- Félags- og skólaþjónusta Norðurþings.

Kynnt var lauslega Matstæki um þróun skólastarfs í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélag, unnið upphaflega af Reykjavíkurborg og endurskoðað og endurútfært árið 2018 með þátttöku Menntavísindasviðs – Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs. Þetta er matstæki sem Reykjahlíðarskóli nýtir nú við mat á skólastarfi. Þar er ein stoðin *Foreldrar og grenndarsamfélag* og voru fundarmenn beðnir um að staðsetja Reykjahlíðarskóla á þeim kvörðum sem þar eru.

## Niðurstöður hópumræðna

Fundarfólki var skipt upp í fjóra hópa. Hópar voru blandaðir foreldrum og starfsmönnum skóla og voru fjórir til fimm í hverjum hóp. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram til umræðu.

- Hvað finnst ykkur vera mikilvægt og gagnlegt í núverandi samstarfi skóla og foreldra?
- Hvaða þáttum finnst ykkur að þyrfti að bæta við eða breyta?
- Hvernig finnst ykkur að hægt sé að bæta tengsl grenndar/nærumhverfis og skólans?

Hópur A	Hópur B	Hópur C	Hópur D
<b>Mikilvægt og gagnlegt</b> - Nálægð og persónuleg samskipti - Auðveldar boðleiðir - Óveðursáætlun - Samskiptabók yngra stígs - Viðburðir t.d. þorablót	<b>Mikilvægt og gagnlegt</b> - Mánaðarskipulagið - Foreldraviðtöl - Gott aðgengi að kennurum og skólastjóra - Svörun starfsfólks	<b>Mikilvægt og gagnlegt</b> - Foreldraviðtöl - Upplýsingar frá skóla til foreldra - Fjáröflun - Þorablót - Kennsluáætlanir	<b>Mikilvægt og gagnlegt</b> - Upplýsingagjöf og samskipti (Mentor, tölvupóstur, símtöl) - Foreldraviðtöl// - Jákvæður agi
<b>Umbætur</b> Tölvupóst til eldri nemenda – n.k. samskiptapóst	<b>Umbætur</b> - Fá vikupósta frá kennurum í öllum árgöngum	<b>Umbætur</b> - Upplýsingar frá foreldrum til skóla - Upplýsingar til foreldra t.d. um jákvæðan aga o.fl.	<b>Umbætur</b> - Samræma upplýsingar um heimanám á Mentor fyrir öll aldersstig - Föstudagspóstur!

- Upplýsingar til skólans vegna breytinga á högum barns/heimilis - Betri upplýsingar frá tónlistarskóla - Lengd foreldraviðtala með styttra móti	- Foreldrar sýni meira frumkvæði t.d. að félagsstarfi	- Upplýsingar til foreldra um skólastarfið (pistlar) t.d. á tveggja vikna fresti frá uk	- Meira í boði fyrir unglिंगana - halda uppeldisstefnunni JA á lofti fyrir foreldra og skóla
<b>Tengsl skóla og nærumhverfis</b> - Tengja betur fyrirtæki og stofnanir við yngri bekki líka - Virkja bekkjarfulltrúa - Nýta útivistardaginn aftur - Nýta heimilin/foreldra frá öðrum löndum t.d. til kynningar	<b>Tengsl skóla og nærumhverfis</b> - Að nemendur kynnist vinnustöðum betur - Nýta foreldraauðinn í sveitinni og gamla fólkið - Sameina bókasöfnin - Bæta foreldrastarf og bekkjarfulltrúar fái leiðbeiningar	<b>Tengsl skóla og nærumhverfi</b> - Kenna meira um heimasvæði. - Útikennslusvæði - Nýta íbúa sem búa yfir þekkingu, segja frá upplifun. - Gestakennarar - Þemadagar.	<b>Tengsl skóla og nærumhverfis</b> - Meiri útikennsla - Meiri samskipti við nærliggjandi fyrirtæki - Gamla fólkið okkar - Meiri samskipti Ýdalir, Stóru Tjarnir, Húsavík

## Samantekt

Hópar greindu frá niðurstöðum sínum og ræddar voru ýmsar hugmyndir út frá þeim. Eftirfarandi er samantekt þeirra umræðna flokkuð niður eftir þeim spurningum sem fram voru settar en jafnframt leitast við að þemagreina þau atriði sem fram komu.

## Mikilvægt og gagnlegt

- Upplýsingagjöf og samskipti mikilvæg; samskiptabækur á yngsta stigi, Mentor, tölvupóstur og símtöl. Mánaðarskipulag gagnlegt í þessu sambandi sem og kennsluáætlanir.
- Nefnt er dæmi um gott verklag sem kemur fram í óveðursáætlun og auðveldar viðbrögð þegar bregðast þarf við óveðri.
- Auðveldar boðleiðir, persónuleg samskipti, gott aðgengi að kennurum og svörun þeirra góð
- Foreldraviðtöl eru mikilvæg.
- Þátttaka foreldra í starfi skólans svo sem í fjáröflun og viðburðum í skólanum.

## Umbætur - hugmyndir

Samskipti heimilis og skóla:

- Kallað er eftir góðu og gagnvirku upplýsingaflæði milli skóla og heimila
- Foreldrum finnst mikilvægt að fá vikulegar upplýsingar eða fréttir úr skólanum frá öllum árgöngum. Þannig skapast m.a. möguleikar á að foreldrar styðji við það sem fengist er við í skólanum.
- Almennar fréttir úr skólastarfinu komi reglulega.

- Skólinn kallar eftir meiri upplýsingum frá foreldrum þegar breytingar eru í umhverfi barnsins, svo sem ef foreldrar eru að heiman eða annað sem getur haft áhrif á líðan barns.
- Kennurum finnst mikilvægt að þeir fái svör frá foreldrum um að þeir hafi mótttekið þá pósta sem kennarar senda.
- Meiri tengsl við tónlistarskóla, að upplýsingar berist þaðan til skólans og foreldra.
- Lengja má þann tíma sem gefinn er fyrir hvert viðtal á foreldradögum.
- Fleiri tilboð fyrir unglinga.

Þátttaka foreldra í námi- og félagsstarfi barna:

- Kallað var eftir meiri umfjöllun og ráðgjöf um jákvæðan aga, að uppeldisstefnunni sé haldið á lofti fyrir foreldra og skóla.
- Foreldrar sýni aukið frumkvæði í þátttöku í skólastarfi og félagsstarfi barnanna
- Foreldrafélag sé virkt og foreldrar fái kynningu á hlutverki þess og hlutverki bekkjafulltrúa.
- Foreldrar fylgist með því sem fengist er við í skólanum og hvetji börn sín og veiti stuðning í viðfangsefnum eða þeim tengdum.
- Heimanám komi fram á Mentor og samræmt þannig að jafnræðis sé gætt milli árganga

## Tengsl skóla og nærumhverfis – hugmyndir um aukin tengsl

Tengsl skóla og atvinnulífs og stofnana í sveitarfélaginu:

- Hluti af grenndarkennslu – að þekkja heimasvæðið
- Bæta tengsl skóla og atvinnulífs – meiri samskipti
- Nemendur á öllum aldri kynnist vinnustöðum og stofnunum
- Gestakennarar – heimsóknir frá fyrirtækjum og stofnunum – nýta þekkingu sem íbúar búa yfir
- Getur tengst atvinnu foreldra
- Getur tengst þemavinnu/þemanámi.

Tengsl skóla og náttúrulegs umhverfis:

- Að skólinn fáist við viðfangsefni sem miðast að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi.
- Vinna meira með heimasvæðið – náttúru og umhverfi. Nemendum sé boðið upp á verkefni sem miða að því að þeir læri á sitt nánasta umhverfi.
- Útikennslusvæði
- Útikennsla
- Nýta útivistardaginn betur til lengri dagsferðalaga
- Getur tengst þátttöku foreldra og annarra íbúa
- Getur tengst þemavinnu/þemanámi


Tengsl skóla og samfélags:

- Unnið sé með menningu grenndarsamfélagsins, margbreytileika og menningarlæsi
- Foreldrar veiti stuðning við nám og félagsstarf
- Virkja bekkjarfulltrúa meira, þeir hafi skilgreiningu á sínu verk sviði, hafi hugmyndabanka að leita í
- Tengsl við atvinnulíf


- Íbúar sem búa yfir þekkingu, nýta frásagnir þeirra af upplifun atburða sem hafa átt sér stað í sveitinni, t.d. eldri borgarar, foreldrar .....
- Foreldrar af erlendu bergi brotnu taki þátt í fjölmenningsfræðslu
- Gestakennarar úr sveitinni (foreldrar, eldri borgarar, úr atvinnulífinu....)
- Getur tengst þemavinnu/þemanámi
- Sameina bókasöfnin og hafa í skólanum
- Leitast við að koma til móts við þarfir unglinga fyrir félagslíf með betri tengslum eða skipulagi á samvinnu við aðra grunnskóla í Þingeyjarsveit og Norðurþingi (Ýdalir, Stóru-Tjarnir, Húsavík).

## Matstæki um þróun skólstarfs; Stoð 6; Foreldrar og grenndarsamfélag

Hóparnir skoðuðu stoðina *Foreldrar og grenndarsamfélag* og staðsettu Reykjahlíðarskóla á fimm stiga kvarðanum.



### 6. FORELDRAR OG GRENNDARSAMFÉLAG

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Upplýsingamiðlun</b>				
Upplýsingar til foreldra um niðurstöður prófa.		Foreldrar fá margvíslegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans.		Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um liðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra.
<b>Samskipti og samstarf</b>				
Samskiptin eru að frumkvæði skólans og á forsendum hans.		Reglubundin foreldravíðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum.		Foreldrar eru samstarfsmenn og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og liðan nemenda.
<b>Þátttaka</b>				
Foreldrar taka ekki þátt í skólstarfinu.	Foreldrar taka þátt í félagsstarfi nemenda, s.s. ferðum og foreldrakvöldum.	Foreldrar eiga fulltrúa í skólaráðum; ákveðnir foreldrar taka að sér að vera bekkjarfulltrúar.		Foreldrar eru virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jókvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild. Þeir taka þátt í mati á framfærum barna sinna og gerð einstaklingsáætlana.
<b>Tengsl skóla og grenndar/nærumhverfis</b>				
Tengsl skóla og grenndarsamfélags eru tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir í skólanum eru fátíðir og sinna aðallega fræðsluhlutverki.	Teymi kennara í sumum árgöngum ákveða umfang og inntak náms í nærumhverfinu eða með aðilum utan frá.	Tengsl við grenndarsamfélagið eru liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinna að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna; nokkuð um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni.		Gagnkvæm tengsl skóla og grenndar eru fastur liður í skólstarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabýggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlunum nemenda.

Settar eru fram skilgreiningar á fjórum þáttum sem varða tengsl skólans við foreldra og grenndarsamfélag á fimm stiga kvarða (sjá mynd): Upplýsingamiðlun; samskipti og samstarf; þátttaka; tengsl skóla og grenndar/nærumhverfis. Stigi 5 er ætlað að lýsa skólastarfi sem miðar við hugmyndir um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, lýðræðislegt skólastarf og lærdómssamfélag. Hópar komu sér saman um á hvaða stig væri eðlilegt að staðsetja skólann miðað við lýsingu.

**Upplýsingamiðlun:** Tveir hópar telja upplýsingamiðlun vera á 3. stigi og tveir hópar telja upplýsingamiðlun vera komna á 4. stig (engin lýsing fylgir 4. stigi) og því sé þessi þáttur farinn að nálgast 5. stig. Lýsingin fyrir **3. stig** mun því eiga við Reykjahlíðarskóla og hljóðar hún svo: **Foreldrar fá margvíslegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans.** Því má ætla að skortur sé á að upplýsingamiðlun sé gagnkvæm, s.s. um líðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra.

**Samskipti og samstarf:** Allir hóparnir fjórir staðsettu skólann á **stig 3** sem hljóðar svo: **Reglubundin foreldraviðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum.** Samskipti teljast ekki einungis eiga sér stað að frumkvæði og forsendum skólans en ætla má samkvæmt þessu að foreldrar hafi ekki jafn mikið frumkvæði og skólinn að samstarfi um nám og líðan nemenda.

**Þátttaka:** Allir hóparnir fjórir staðsettu skólann á **stigi 3**. Samkvæmt því **taka foreldrar þátt í félagsstarfi nemenda, eiga fulltrúa í skólaráði og taka að sér að sinna störfum bekkjarfulltrúa.** Því má ætla að bæta megi samstarf foreldra og skóla við eflingu jákvæðs skólabrags, stefnumótun skólans, mat á framförum barna og gerð einstaklingsáætlana.

**Tengsl skóla og grenndar/nærumhverfis:** Mat hópanna á þessum þætti er mismunandi. Einn hópurinn telur skólann vera á stigi 1 þ.e. að tengsl skóla og grenndarsamfélags séu tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir séu fátíðir í skólann og sinni aðallega fræðsluhlutverki. Annar hópur telur skólann kominn á stig 2 en setur samt spurningamerki við að það. Samkvæmt stigi 2 **ákveða teymi kennara í sumum árgöngum umfang og inntak náms í nærumhverfi eða með aðilum utan frá.** Enn annar hópur staðsetur skólann á stig 3 sem segir að tengsl skólans við grenndarsamfélagið sé liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinni að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna; nokkuð sé um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni. Einn hópur staðsetur skólann á milli 2. og 3. stigs. Samkvæmt þessum niðurstöðum má ætla að skólinn sé a.m.k. á stigi 2 en þarf að skoða betur.

Elín Elísabet Magnúsdóttir

elin@trappa.is